



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Reykjavík, 21. mars 2018.

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

## Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um breytingu á almennum hegningarlögum (umskurður drengja), þskj. 183, 114. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist framangreint frumvarp til umsagnar. MRSÍ telur þörf frekari og víðtækra umræðna um efnið, út frá öllum sjónarmiðum, þ. á m. réttindum barna, trúfrelsi (þ. á m. hvort ónauðsynlegar aðgerðir á kynfærum barna falli undir trúfrelsi), refsinaemi o.s.frv. Skrifstofan vill samt sem áður koma eftirfarandi upplýsingum og sjónarmiðum á framfæri:

**A.** Í lögum nr. nr. 19/2013, um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins segir að ávallt skuli taka mið af því sem barni er fyrir bestu þegar teknar eru ákvarðanir um málefni er þau varða. Samkvæmt 12. gr. laganna eiga börn rétt á að láta í ljós skoðanir sínar og óskir, í samræmi við aldur þeirra og þroska, og að tekið sé tillit til þeirra. Í álitni umboðsmanna barna og sérfræðinga í barnalækningum á Norðurlöndunum varðandi umskurð drengja segir m.a.:

„Umskurður sem framkvæmdur er, án læknisfræðilegra ástæðna, á einstaklingi sem ekki getur veitt samþykki sitt, er brot gegn siðferðilegum grunngildum læknisfræðinnar, þar sem inngripnið er óafturkræft, sársaukafullt og getur leitt til alvarlegra fylgikvilla.

Það eru engar læknisfræðilegar ástæður fyrir því að heimila umskurði á ungum drengjum á Norðurlöndunum. Þær læknisfræðilegu ástæður sem geta átt við um umskurð fullorðinna karlmannna eiga ekki við um börn á Norðurlöndunum. Drengir geta sjálfir tekið ákvörðun um mögulegan umskurð þegar þeir komast á þann aldur að geta veitt samþykki sitt.

Það er álit okkar sem umboðsmenn barna og sérfræðingar í barnalækningum að umskurður drengja án læknisfræðilegra ástæðna brjóti gegn ákvæðum 12. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem kveður á um rétt barna til að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum er varða þau, og 3. tölul. 24. gr. sem kveður á um vernd barna gegn hefðum sem eru skadlegar heilbrigði þeirra. Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna hvatti árið 2013 öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna til að stöðva inngrip sem eru skadleg friðhelgi og heilbrigði barna og eru skadleg drengjum og stúlkum. Að mati okkar er það grundvallaratriði að réttindi foreldra séu ekki ríkari en réttur barna til líkamlegrar friðhelgi. Það sem er barni fyrir bestu skal ávallt hafa forgang, jafnvel þó það takmarki rétt fullorðinna til að iðka trú sína eða halda í heiðri síði.

Umboðsmenn barna á Norðurlöndunum og sérfræðingar í barnalækningum vilja beita sér fyrir því að eingöngu verði heimilt að umskera drengi í þeim tilvikum þar sem drengur hefur náð þeim aldri og þroska að geta skilið nauðsynlegar læknisfræðilegar upplýsingar og hefur veitt samþykki sitt fyrir aðgerðinni. Við óskum eftir umræðu sem einkennist af gagnkvæmri virðingu, milli allra þeirra sem hlut eiga að máli, um hvernig unnt er að veita drengjum ákvörðunarétt um framkvæmd umskurða. Við hvetjum ríkisstjórnir Norðurlandanna til að



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE


gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að drengir fái sjálfir að ákveða hvort þeir vilji láta umskera sig.“

MRSÍ tekur undir þessi sjónarmið og bendir jafnframt á 1. gr. Barnaverndarlaga nr. 80/2002 en þar segir að börn eigi rétt á vernd og umönnun, að þau skuli njóta réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska og að allir þeir sem hafi uppeldi og umönnun barna með höndum skuli sýna þeim virðingu og umhyggju og að óheimilt sé með öllu að beita börn ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi. Þar segir jafnframt að foreldrar skuli gæta velferðar barna í hvívetna.

**B.** Hvað varðar refsinaemi verknadarins er þegar að finna bann við umskurði/limlestingu á kynfærum stúlkna í 218. gr. a í hegningarlögum nr. 19/1940. Ætlunin er að fella umskurð drengja undir ákvæðið og má færa rök að því að vernd veitt stúlkum vegna limlestingar á kynfærum þeirra ætti einnig að ná til drengja vegna limlestingar á kynfærum þeirra, að öðrum kosti sé um að ræða brot gegn 24. gr. jafnréttisлага nr. 10/2008, þ.e. mismunun á grundvelli kyns. Hins vegar má einnig færa rök að því að ólíku sé saman að jafna, að umskurður stúlkna sé mun alvarlega og vidurhlutameira inngríp í líkama þeirra. Bent skal á að á Möltu hafa verið sett mjög framsækin lög er varða réttindi trans- og intersex fólks. Samkvæmt þeim lögum er umskurður drengja bannaður án þess að refsing liggji við og að mati MRSÍ er þörf á að ræða og skoða refsinaemið nánar, hvort umskurður drengja skuli gerður refsiverður og hvort sama refsing eigi þá að liggja við og um umskurð stúlkna. Slík umræða er einkum mikilvæg í ljósi þess að umskurður drengja er hluti af hluti af trúarbrögðum og trúarvitund gyðinga og ýmissa trúarsamfélaga múslima víða um heim. Rétt er að geta þess að trúfrelsi er varið af 63. gr. Stjórnarskrárinnar. Mikilvægt er að sýna aðgát og skoða mál frá öllum hliðum þegar mannréttindi eru annars vegar, umheimurinn fylgist mjög náið með framgangi mála hér á landi og ekki er ólíklegt, verði frumvarpið að lögum í óbreyttri mynd, að öfgahópar í nágrennalöndum okkar beiti sér fyrir sambærilegri löggjöf þar í landi sem gæti leitt til ofsókna á hendur gyðingum og múslimum og þess að þeir hópar upplífi sig einangraða frá samfélaginu og jafnvel útskúfaða.

**D.** Loks má geta þess að nú bíður afgreiðslu barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna mál er varðar umskurð á dreng, en nefndin er alþjóðlegur eftirlitsaðili framkvæmdar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Málið sem um ræðir er einstaklingsmál gegn Finnlandi þar sem drengur var umskorinn án samþykkis móður hans. Í málinu er því meðal annars haldið fram að Finnland hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt 1., 2., 3., 16. og 19. gr. Barnasáttmálans.

Virðingarfyllst,  
f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

  
Margrét Steinarsdóttir  
framkvæmdastjóri